

Félagsmálaráðuneytið

Skógarhlíð 6

105 Reykjavík

Hagsmunasamtök
Heimilanna



21. maí 2019

Efni: Umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna um mál nr. S-130/2019 í samráðsgátt stjórnvalda

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um almennar íbúðir, nr. 52/2016

Frumvarp þetta var birt í samráðsgátt 14. maí sl. og umsagnarfræstur veittur til 21. maí eða í eina viku. Á þessum stutta tíma hafa Hagsmunasamtök heimilanna ekki getað framkvæmt djúpstæða greiningu á einstökum efnisatriðum frumvarpsins. Almennt styðja samtökin þó tillögur í frumvarpinu um að rýmka tekju- og eignamörk leigjenda almennra íbúða þannig að hærra hlutfall landsmanna eigi kost á slíku húsnæði. Einnig telja samtökin jákvætt að rýmka heimildir til veitingar stofnframlaga til þeirra svæða þar sem húsnæðisþörfin sé mest, en leggja þó áherslu á að vanda þurfi vel til útfærslu og framkvæmdar slíkra heimilda þannig að áhrif þeirra skili sér í reynd til þeirra svæða þar sem þörfin er raunverulega mest, hvort sem það er í fjölmönnum eða fámennari byggðarlögum.

Með vísan til umsagnar Hagsmunasamtaka heimilanna um upphaflegt frumvarp til laga um almennar íbúðir, er loks ítrekuð sú afstaða að heiti laganna sé rangt og villandi. Íbúð getur ekki verið almenn heldur er hún heimili þess sem þar býr. Enn fremur nær efnislegt gildissvið laganna ekki til allra íbúða heldur eingöngu leiguíbúða sem eru fjármagnaðar af hinu opinbera og eru ekki almennari en svo að þær eru aðeins ætlaðar tekjulágum hópum. Málvenja er fyrir öðru og betur lýsandi hugtaki yfir slíkt húsnæði og er því lagt til að á undan 11. gr. frumvarpsins komi ný grein svohljóðandi:

Heiti laganna verður: **Lög um félagslegt leiguhúsnæði.**

- 0 -

Virðingarfyllst,
f.h. Hagsmunasamtaka heimilanna,

Ásthildur Lóa Þórsdóttir, formadur@heimilin.is

Guðmundur Ásgeirsson, erindreki@heimilin.is